



ÁRSSKÝRSLA

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

110
ÁR



2016

Stjórn:

Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, formaður
Kristinn Jónsson, Staðarbakka, varaformaður
Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Hrafnkelsstöðum I, ritari
Ingibjörg Daníelsdóttir, Fróðastöðum
Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2

Varastjórn:

Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II
Björn Harðarson, Holti I
Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal
Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga
Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti

Félagskjörnir skoðunarmenn:

Ásbjörn Sigurgeirsson, Ásbjarnarstöðum
Bjarni Jónsson, Selalæk

Varaskoðunarmenn:

Esther Guðjónsdóttir, Sólheimum
Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi

Endurskoðunarnefnd:

Ásbjörn Sigurgeirsson, Ásbjarnarstöðum
Bjarni Jónsson, Selalæk
Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2

Forstjóri:

Steinþór Skúlason

Forstöðumenn aðaldeilda:

Hjalti H. Hjaltason, fjármáladeild
Guðmundur Svavarsson, framleiðsludeild
Steinþór Skúlason, markaðsdeild

Matthías H. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs hf.
Máni Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Hollt og gott ehf.

Umsjón: Fjármáladeild SS.

Mynd á kápu: Arnar Bergur Guðjónsson, Snorrastaðatjarnir sunnan við Voga.

Hönnun og prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja - umhverfisvottuð prentsmiðja.

Prentað á umhverfisvænan pappír.





SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF

ÁRSSKÝRSLA

2016

**110. STARFSÁR
AÐALFUNDUR 17. MARS 2017**

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4
Afkoma ársins	5
Lykiltölur úr samstæðureikningi	11
Ársreikningur samstæðunnar	13
Skýrsla stjórnar	14
Áritun óháðra endurskoðenda	15
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	18
Efnahagsreikningur	19
Yfirlit yfir eigið fé	20
Yfirlit um sjóðstreymi	21
Skýringar með ársreikningi	22
Stjórnarhættir	38
Stefnulýsing og starfshættir	40
Félagsdeildir og formenn	41

Í 10 ár eru langur tími í rekstri fyrirtækja sem má merkja af því að mjög fá fyrirtæki ná þessum aldri sem SS fagnaði hinn 28. janúar síðastliðinn. Það er eitt öðru fremur sem þarf til að fyrirtæki vaxi og dafni til lengri tíma. Það er aðlögunarhæfni. Hæfni til að sjá þróun markaða og móta stefnu í tíma sem nýtir tækifærin sem alltaf eru um leið og verjast þarf ógnunum.

Stöndug fyrirtæki með góðan rekstur eiga að standa betur að vígi en þeir sem koma nýir inn á markaðinn svo fremi sem aðlögunarhæfni sem innifelur nýsköpun og sveigjanleika sé grundvallarþáttur í rekstrinum. Þessi grundvallarþáttur er innrammaður í einn af starfsháttum SS sem kallast “Frumkvæði” og þarf að vera lykilatriði í rekstri SS svo það fagni síðar 220 ára afmæli.




Viðskiptalíkan SS samanstendur af þremur fyrirtækjum sem öll starfa á sviði framleiðslu matvæla auk þess sem félagið flytur inn ýmsar vörur sem tengjast matvælaframleiðslu. Það sýnir sig að þessi heild þriggja góðra fyrirtækja skapar sterka samkeppnisstöðu. Farsæl stefna sem leidd er af frábæru starfsfólki skilaði á liðnu ári bestu afkomu í 10 ára sögu félagsins. Því ber að fagna.

Framundan eru bæði áskoranir og tækifæri. Með nýjum tollasamningi mun innflutningur kjötvara aukast verulega og verður aukningin sem nemur um 10% af heildarsölu innlends kjöts innanlands. Til skemmri tíma verður af þessu töluverð röskun en með stækkun markaðarins munu áhrifin minnka á nokkrum árum. Aðflutningsgjöld á kjöti voru lækkuð með samningi við Evrópusambandið árið 2007 sem með háu gengi íslensku krónunnar gerir kleift að flytja inn kjöt umfram tollkvóta í verulegu magni sem setur vaxandi þrýsting á verð innlendra vara. Ef svo illa fer að leyft verður að flytja inn ferskt kjöt er heilbrigði innlendra húsdýra ógnað og enn meira verður flutt inn af kjöti.

Tækifærin eru aftur á móti mörg. Fjölgun ferðamanna gefur mikla möguleika og kallar á aðlögun vöruframboðs til að sinna nýjum þörfum. Vitund fólks, innanlands sem utan, um dýravelferð og umhverfisáhrif landbúnaðar er vaxandi og mun hjálpa íslenskum landbúnaði sem á að geta verið í fremstu röð með lágt kolefnisspor og mikið heilnæmi. Ef lítið er lengra fram á veginn er ljóst að vatnsskortur mun setja landbúnaði víða um heim skorður sem ekki er séð að muni hrjá Íslendinga. Innanlandsmarkaður er langmikilvægasti markaður landbúnaðarins. Hann þarf að verja á sama tíma og leitað er erlendra markaða sem eru tilbúnir að greiða hátt verð fyrir hágæðavörur.

Íslenskur landbúnaður snýst um miklu fleira en verð á kjöti og mjólk. Virðisaukinn sem fylgir landbúnaði er margháttaður og má meðal annars sjá sem hluta af þjónustu og stuðningi við vaxandi ferðaþjónustu. Þessum virðisauka verður að halda á lofti svo sanngirni sé gætt í umræðu um landbúnaðinn.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.



Afkoma ársins

110
ára

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga þess, Reykjaráðs hf. og Holtt og gott ehf. Sláturfélag Suðurlands keypti 50% hlut í framleiðslufyrirtækinu Holtt og gott ehf. þann 31. ágúst 2015 og á frá þeim tíma 100% hlut í félaginu. Hafa þarf það í huga við samanburð rekstrar- og efnahagsliða milli ára.

Á árinu 2016 var hagnaður af rekstri Sláturfélags Suðurlands 561,6 m.kr. en 229,6 m.kr. árið áður.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 11.859,4 m.kr. árið 2016, en 10.701,3 m.kr. árið áður og hækka því um 10,8%. Aðrar tekjur voru 14,1 m.kr. en 21,3 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 5.877,4 m.kr. en 5.593,8 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 2.930,7 m.kr. en 2.554,6 m.kr. á fyrra ári. Annar rekstrarkostnaður var 1.870,3 m.kr. en 1.848,2 m.kr. árið áður. Afskriftir voru 372,2 m.kr. en 329,8 m.kr. á fyrra ári. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 822,9 m.kr., en 396,2 m.kr. árið áður.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var engin en árið áður 0,9 m.kr. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 123,1 m.kr., en 112,5 m.kr. árið áður. Gengistap var 5,8 m.kr. samanborið við 1,1 m.kr. gengishagnað árið áður.

Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 138,2 m.kr. en 55,0 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 561,6 m.kr. en 229,6 m.kr. árið áður.

Í árslok 2016 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands bókfærðar á 8.349,2 m.kr. og hækkuðu um 4,8% frá fyrra ári. Fastafjármunir voru 4.890,2 m.kr. og hækkuðu um 7,0%. Veltufjármunir voru 3.459,0 m.kr. og höfðu hækkað um 1,8%.


Eigið fé var 4.954,1 m.kr. og hafði hækkað um 18,3% eða 765,0 m.kr. Eiginfjárlutfall í lok ársins 2016 var 59,3% en var 52,6% á sama tíma árið áður. Langtímaskuldir og skuldbindingar voru 2.119,3 m.kr. og skammtímaskuldir voru 1.275,8 m.kr. Heildareignir Sláturfélagsins voru því fjármagnaðar þannig, að 15,3% voru skammtímalán, 25,4% voru langtímalán og skuldbindingar, og eigið fé 59,3%.

Veltufjárlutfall var 2,7 í árslok 2016, en var 2,1 í árslok 2015. Arðsemi eigin fjár var 12,3% á árinu 2016, en 5,6% árið 2015.


Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 433,0 m.kr. á árinu, en fyrir 633,1 m.kr. árið áður. Seldar voru eignir fyrir 14,0 m.kr. Á árinu var fjárfest í fasteignum fyrir 203,6 m.kr., vélum og tækjabúnaði fyrir 180,7 m.kr. og bifreiðum 48,7 m.kr.

Veltufé frá rekstri var 1.187,8 m.kr. árið 2016, samanborið við 724,4 m.kr. árið 2015.


Í árslok 2016 störfuðu 479 starfsmenn hjá Sláturfélaginu sem er fjölgun frá árinu áður er þeir voru 475. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláurtíð voru 537 á launaskrá. Unnin ársverk 2016 voru 456, en voru 424 árið áður.






Sauðfjárslátrun 1907 – 2016



Nautgripaslátrun 1907 – 2016



Hrossaslátrun
1907 – 2016

Kjúklingaslátrun
2004 – 2016

Svínaslátrun
1907 – 2016


SAUÐFÉ

Slátrun hófst á Selfossi þann 31. ágúst og lauk 10. nóvember. Haustiátrun var alls 112.112 kindur en önnur slátrun var 1.004 kindur. Alls var sláttrað 113.116 kindum á árinu sem gera 1.934 tonn af innveggu kjöti og af þeim voru 9.157 kindur heimteknar. Meðalþungi innlagðra dilka var 16,4 kg en árið 2015 var hann 16,1 kg.

Heildarverðmæti innlagðra sauðfjárafurða á árinu 2016 var 922,2 m.kr. en var 942,0 m.kr. árið áður.

Á árinu 2016 voru flutt út tæplega 492 tonn. Birgðir kindakjöts í eigu afurðadeildar í lok ársins voru 1.269 tonn á móti 1.268 tonnum árið áður.

NAUT

Heildarslátrun nautgripa árið 2016 var 1.235 tonn af 6.496 sláturgripum og þar af var heimtaka rúmlega 104 tonn. Þetta er 194 tonna aukning frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2016 var 742,7 m.kr. en var 621,6 m.kr. árið 2015.

Heildarsala nautakjöts á árinu 2016 var 1.134 tonn en var 957 tonn árið 2015.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðadeildar voru 12 tonn í árslok en voru 10 tonn árið áður.

HROSS

Heildarslátrun hrossa árið 2016 var 484 tonn af 3.522 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 36 tonn. Þetta er 97 tonna minnkun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2016 var 50,5 m.kr. en var 62,4 m.kr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2016 var 437 tonn á móti 359 tonnum árið 2015, þar af voru flutt út rúmlega 360 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðadeildar voru í árslok 33 tonn en voru 25 tonn árið áður.

SVÍN

Heildarslátrun svína árið 2016 var 592 tonn af 7.330 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 72 tonn. Þetta er 144 tonna minnkun í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 215,2 m.kr. en var 257,9 m.kr. árið áður.

Heildarsala svínakjöts á árinu 2016 var 524 tonn en var 655 tonn árið 2015.

Birgðir svínakjöts í eigu afurðadeildar voru engar í árslok eins og árið áður.

KJÚKLINGAR

Heildarslátrun kjúklinga árið 2016 var 3.961 tonn. Þetta er 693 tonna aukning frá fyrra ári.

Heildarsala kjúklinga á árinu 2016 var 4.383 tonn sem er 785 tonna aukning frá fyrra ári.

Birgðir kjúklinga í árslok voru 154 tonn en voru 173 tonn árið áður.

	Sláturfjöldi		Br. milli ára	
	2016	2015	Stk.	%
Sauðfé	113.116	111.855	1.261	1,1%
Nautgripir	6.496	5.737	759	13,2%
Hross	3.522	2.898	624	21,5%
Svín	7.330	8.913	(1.583)	(17,8%)
Kjúklíngar	2.393.210	1.990.696	402.514	20,2%

Afurðadeild

110 ára

Offramleiðsla og erfiðleikar í sölu sauðfjárafurða höfðu afgerandi áhrif á rekstur afurðadeilda á árinu. Einungis 2/3 hlutar framleiðslunnar seljast á innanlandsmarkaði og því þarf að flytja u.þ.b. 1/3 út. Sterkt gengi krónunnar og óbreytt eða lækkandi verð í erlendri mynt skilaði því mun lægri tekjum af útflutningi kjötsins en áður. Þar við bætist að verðhrun og sölustöðvun varð á sumum aukaafurðum, svo jafnvel svaraði ekki kostnaði að verka þær. Því neyddist félagið til að ráðstafa afurðum í dýrafóður eða kjötmjöl, sem áður skiluðu umtalsverðum tekjum. Af ofangreindum ástæðum varð ekki hjá því komist að lækka afurðaverð til sauðfjárbænda. Þar sem félagið lækkaði verð minna en aðrir sláturleyfishafar varð talsverð ásókn í slátrun, en vegna stöðu markaða varð félagið að hafna innleggi frá nýjum innleggjendum, innan og utan félagssvæðis. Þrátt fyrir það varð lítilsháttar aukning í slátrun milli ára.

Umtalsverðar breytingar voru gerðar á verðhlutföllum og skipulagi slátrunar með það að markmiði að jafna álag á slátruhús og fullnýta afköst í byrjun sláturenda. Bændur brugðust vel við og þessar breytingar skiluðu þeim árangri að dagslátrun varð jafnari og sláturvikur í september, sem undanfarin ár hafa verið illa nýttar, voru nú fullnýttar. Ekki kom því til þess að slátra þyrfti á laugardögum í október.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar miklar endurbætur á húsnæði og búnaði slátruhússins á Selfossi og samhliða hafa verið gerðar breytingar á vinnuaðferðum og vinnutíma. Meðal breytinga þetta haustið var að tekinn var í notkun nýr gæruafdragari, sem fer betur með kjöt og gætur og sömuleiðis hárasuga með gufusótthreinsun sem minnkar hættu á hármengun á skrokkum. Mannskapur haustið 2016 var frábær, stjórnun góð og góður vinnuandi ríkjandi í stöðinni. Allt þetta skilaði meiri afköstum en áður hafa þekkt, með fyrirmyndarverkun og mjög lítilli gæðafellingu. Eins og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á fullvinnslu afurða í sláturenda og fer sú vinnsla fram á Selfossi og Hvolsvelli. Stærstur hluti kjötsins er úrbeinaður strax og því pakkað fyrir frýstingu í endanlegar neytendaumbúðir eða til framhaldsvinnslu.

Ójafnvægis gætti í framboði og eftirspurn einstakra afurðategunda á árinu 2016. Nokkrir biðlistar voru í hrossum og nautgripum í upphafi árs, en um mitt ár ríkti skortur, sem m.a. varð til þess að ekki var unnt að afgreiða pantanir viðskiptavina. Biðlistar mynduðust svo aftur um haustið. Stórgripaslátrun jókst á milli ára og leitast félagið við að veita bændum fullnægjandi þjónustu og halda uppi verði, jafnvel þótt slíkt leiði til tímabundinnar birgðasöfnunar. Þannig voru birgðir af hrossaafskurði verulegt vandamál framan af ári. Var gripið til þess ráðs að gefa hluta eldri birgða í loðdýrafóður en er leið á árið tókst að afla nýrra markaða erlendis. Verð er mjög lágt en stendur undir kostnaði við vinnslu og flutninga, þannig að hægt er að halda uppi slátrun.

Skoðunarmenn innlendra og erlendra yfirvalda, svo og kaupenda afurða heimsóttu stöðina á Selfossi ítrekað og stóðst hún öll próf og ýrustu kröfur. Meðal annars gerði alþjóðlegt vottunarfyrirtæki úttekt á öllu ferli tengt flutningum og slátrun hrossa með tilliti til dýravelferðar og hlaut sú starfsemi alþjóðlega vottun með fullt hús stiga, enda fagmennska, gæði og metnaður einkennandi í öllum þáttum starfseminnar.



Kjötvinnsla SS á Hvolsvelli er hornsteinn í úrvinnslu afurða félagsmanna. Þar standa fagmenn SS vaktina og framleiða margar þekkustu matvörur landsins, úr afurðum bænda með áherslu á gæði og fagmennsku í hvívetna.



Fagmenn félagsins náðu þannig frábærum árangri í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna sem haldin var á vordögum. Níu kjötiðnaðarmenn sendu samtals inn 33 vörur í keppnina. Hluti þeir 19 gullverðlaun, 6 silfurverðlaun og 3 bronsverðlaun. Auk þess féllu í þeirra skaut fimm sérverðlaun auk hins eftirsóttta titils „Kjötmeistari Íslands“. Kjötvinnslan er og verður í fararbroddi íslensks kjötiðnaðar og stöðugt er unnið að umbótum er miða að því að halda þeirri stöðu. Það er gert með því að viðhalda og auka fagþekkingu starfsfólks, stuðla að gæðavitund og fyrsta flokks framleiðsluáðferðum og fjárfesta í tækjum og búnaði af fullkomnustu gerð.

Undanfarin ár hefur verið unnið að gagngerum endurbótum á elsta hluta bygginganna á Hvolsvelli. Frystiklefar frá árinu 1963 hafa verið sameinaðir og endurbyggðir nánast frá grunni og aðstaða bætt. Þá hefur verið unnið að endurbótum og viðhaldi innan- og utanhúss á öðrum íbúðar- og iðnaðarhúsum félagsins á Hvolsvelli. Unnið er að frekari uppbyggingu starfseminnar á staðnum og félaginu hafa verið tryggðar lóðir í nánasta umhverfi til framtíðar.

Kjötvinnslan hefur um árabíl verið í A-flokki, frammistöðuflokkunar Matvælastofnunar, sem felur í sér að stofnunin telur að starfsstöðin viðhafi bestu mögulega starfshætti til að framleiða örugg matvæli. Unnið er að innleiðingu rafræns gæðaskráningarkerfis sem auðveldar enn frekar gæðaeftirlit, rekjanleika og utanumhald um flókna framleiðsluferla.

Vöruþróun skipar háan sess í starfseminni og er jöfnum höndum unnið að endurbótum eldri vara og þróun nýrra vara til að mæta kröfum sibreytilegs markaðar og viðhalda sterkri stöðu vörumerkja félagsins.

Matvælahluti innflutningsþáttar gekk vel á árinu en SS er í samstarfi við mörg þekkt alþjóðleg fyrirtæki. Vörumerki innflutningsdeildar hafa sterka stöðu hér á landi enda skapað sér traustan sess í huga neytenda sem gæðavörur. Barilla pasta, tómavörur frá Mutti og sælgætið frá Mars, Uncle Ben's hrísgrjón, McCormick krydd og Borges olíur eru allt gæðavörur sem seljast vel og hafa góða ímynd hjá neytendum.



Búvörudeild SS hefur byggst hratt upp á undanförunum árum og er orðinn vaxandi þáttur í starfsemi félagsins. Þrátt fyrir hraða uppbyggingu hefur rekstur búvörudeildar gengið vel. Á árinu var lokið við uppbyggingu á vöruhúsum í Þorlákshöfn sem eru samtals um 3.500 fermetrar. Ný vöruhús gjörbreyta aðstöðu félagsins við innflutning á Yara áburði og tryggja gæði vörunnar alla leið til bænda. Einnig gefa ný vöruhús tækifæri á innflutningi á áburði á hagkvæmasta tíma en talsverðar verðsveiflur geta verið á áburði. Sala á Yara áburði, DLG kjarnfóðri og bætiefnum frá Vitfoss gekk vel á árinu. Sala á rúlluplasti sló öll met en SS og bændur styrktu Krabbameinsfélagið myndarlega með því að láta hluta söluandvirðis á bleiku plasti renna til forvarnarstarfs Krabbameinsfélagsins. Sala á sæðvörum og ýmsum öðrum rekstrarvörum til bænda er vaxandi.

Reykjagarður hf

110
ára

Árið 2016 er besta rekstrarár félagsins frá upphafi. Félagið skilaði hagnaði áttunda árið í röð. Metár var í framleiðslu á alifuglum á landsvísi, og nam framleitt magn rúmlega 9.000 tonnum. Tæplega 1.200 tonn af alifuglakjöti var flutt inn á árinu 2016.

Fóðurverð hefur verið frekar lágt undanfarin ár, en það lækkaði töluvert á árinu 2013, en fyrir þann tíma var það í sögulegu hámarki. Neysla á kjúklingum er mikil á Íslandi samanborið við nágrannalönd okkar eða rúm 30 kg á mann á ári. Aukna kjúklinganeyslu má að hluta til skýra með vaxandi fjölda ferðamanna. Hlutdeild alifuglakjöts af heildarkjötneyslu er um 33% og er stærsta einstaka kjöttegundin í innanlandssölu.

Vöruþróun og fjölbreytni í vöruframboði hefur styrkt rekstur félagsins og ímynd þess með framleiðslu á gæðavörum fyrir neytendur. Mikill vaxtarbroddur hefur verið í sérlausnum og vöruþróun fyrir veitingastaði og mótuneyti.

Reykjagarður var stofnaður árið 1971 og eru ársverk um 110, einkum á Hellu og á höfuðborgarsvæðinu, en kjúklingaeldið er dreift á tíu staði víðsvegar um Suðvesturlandið.



Hollt og gott ehf

110
ára

Rekstur Hollt og gott gekk vel á liðnu ári og var góð söluaukning í öllum vöruflokkum félagsins. Þrátt fyrir miklar launahækkanir á árinu tókst vel til með að hagræða í rekstrinum auk þess sem aðrar ytri aðstæður hafa verið hagstæðar.

Félagið hefur verið í talsverðri vöruþróun bæði fyrir neytendamarkað og einnig á sérlausnum í samstarfi við fyrirtæki á veitinga- og mótuneytismarkaði og hefur aukin áhersla á þennan markað skilað góðum árangri enda vaxandi markaður með fjölgun ferðamanna.

Stofnað var til nýrra viðskiptasambanda á árinu við erlenda birgja sem lofa góðu og munu styrkja félagið í harðnandi samkeppni.

Með sífellt aukinni umræðu um hollustu matvæla eru mörg spennandi tækifæri framundan fyrir fyrirtæki eins og Hollt og gott.



Fjöldi sláturfjár og meðalpungi dilka

	2016		2015	
	stk.	kg.	stk.	kg.
Öræfadeild	4.124	16,7	3.837	16,4
Hörglandsdeild	3.427	16,6	3.597	15,6
Kirkjubæjardeild	3.687	17,4	3.842	17,0
Skaftártungudeild	4.303	16,6	4.798	16,0
Álftavers- og Meðallandsdeild	3.549	15,8	4.438	15,0
Hvamsdeild	3.289	16,7	3.087	16,2
Dyrhóladeild	3.195	15,8	2.880	15,3
A-Eyjafjalladeild	2.044	17,6	1.903	17,2
V-Eyjafjalladeild	4.138	15,9	3.972	15,6
A-Landeyjadeild	2.551	16,1	2.061	16,1
V-Landeyjadeild	3.189	15,9	3.249	15,5
Fljótshlíðar- og Hvolshreppsdeild	7.347	16,2	7.161	15,7
Rangárvalladeild	3.988	16,4	3.814	15,4
Holta- og Landmannadeild	6.178	16,2	5.631	16,0
Ása- og Djúpardeild	4.512	16,1	4.189	16,2
Gaulverjabæjardeild	499	16,4	376	17,0
Árborgardeild	999	16,1	1.231	16,2
Hraungerðisdeild	2.359	17,0	2.322	16,6
Villingaholtsdeild	2.476	16,4	2.178	16,3
Skeiðadeild	2.481	17,0	2.620	17,0
Gnúpverjadeild	3.206	17,7	3.239	17,1
Hrunamannadeild	5.139	16,1	5.855	15,9
Biskupstungnadeild	4.591	17,7	4.532	18,2
Laugardalsdeild	981	15,8	911	16,4
Grímsnesdeild	2.742	16,2	2.628	16,4
Þingvalla- og Grafningsdeild	3.342	16,0	4.074	15,5
Ölfusdeild	2.038	16,0	1.898	16,6
Kjósardeild	2.655	17,7	2.188	17,0
Hvalfjarðardeild	5.399	16,2	4.908	16,1
Borgarfjarðar- og Mýrardeild	3.864	16,0	3.655	15,4
Daladeild	3.531	16,5	3.382	16,3
Snæfells- og Hnappadalsdeild	5.667	16,3	5.667	16,3
Utan deilda	1.627	15,1	1.732	16,8

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lykiltölur úr samstæðureikningi

Rekstur	2016	2015	2014	2013	2012
Fjárhæðir í m.kr.					
Rekstrartekjur	11.859,4	10.701,3	10.628,2	10.207,1	9.393,9
Aðrar tekjur	14,1	21,3	24,2	12,1	52,5
Vöru- og umbúðanotkun	(5.877,4)	(5.593,8)	(5.734,7)	(5.347,7)	(4.903,0)
Laun og launatengd gjöld	(2.930,7)	(2.554,6)	(2.296,1)	(2.172,0)	(1.980,0)
Annar rekstrarkostnaður	(1.870,3)	(1.848,2)	(1.672,1)	(1.678,6)	(1.583,0)
Afskriftir	(372,2)	(329,8)	(312,0)	(295,1)	(288,2)
Rekstrarhagnaður	822,9	396,2	637,5	725,8	692,2
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0,0	0,9	14,0	22,6	29,0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(123,1)	(112,5)	(117,4)	(175,9)	(170,9)
Hagnaður fyrir skatta	699,8	284,6	534,1	572,5	550,3
Tekjuskattur	(138,2)	(55,0)	(101,0)	(106,3)	(87,2)
Heildarhagnaður ársins	561,6	229,6	433,1	466,2	463,1
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	1.187,8	724,4	948,1	1.006,2	973,0

Efnahagur 31. desember	2016	2015	2014	2013	2012
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir	4.890,2	4.570,0	4.088,0	3.900,3	3.519,0
Veltufjármunir	3.459,0	3.397,2	3.367,0	3.120,2	2.788,5
Eignir samtals	8.349,2	7.967,2	7.455,0	7.020,5	6.307,5
Eigið fé	4.954,1	4.189,1	3.983,8	3.578,0	3.139,7
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	520,6	507,2	496,0	480,7	462,9
Langtímaskuldir og skuldbindingar	2.119,3	2.178,8	2.141,0	2.302,1	2.433,1
Skammtímaskuldir	1.275,8	1.599,3	1.330,2	1.140,4	734,7
Skuldir samtals	3.395,1	3.778,1	3.471,2	3.442,5	3.167,8
Eigið fé og skuldir	8.349,2	7.967,2	7.455,0	7.020,5	6.307,5

Kennitölur

EBITDA	1.195,1	726,0	949,5	1.020,9	980,4
Innra virði	9,5	8,3	8,0	7,4	6,8
Veltufjárhlutfall	2,7	2,1	2,5	2,7	3,8
Eiginfjárhlutfall	59%	53%	53%	51%	50%

Ársverk

Unnin ársverk	456	424	409	403	420
---------------------	-----	-----	-----	-----	-----

Fjárhæðir eru í þús. kr.



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF

Ársreikningur samstæðunnar

2016

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag og tilgangur félagsins skv. samþykktum er að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga þess, Reykjarð hf. og Holt og gott ehf., sem Sláturfélagið á að öllu leyti.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. á árinu 2016, 562 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 8.349 millj.kr., bókfært eigið fé samstæðunnar er í árslok 4.954 millj.kr. og eiginfjárlutfall er 59%. Meðalfjöldi starfsmanna hjá félaginu á árinu 2016 var 456 starfsmenn.

Stofnsjóðseign í A-deild er í árslok 341 millj.kr. og eiga 2.283 aðilar yfir kr. 1.000 í stofnsjóði, en þeir voru 2.295 árið áður. Stofnsjóðseign í B-deild er 200 millj.kr. sem skiptist á milli 561 hluthafa og fækkaði þeim um 4 frá síðasta ári. Enginn stofnsjóðseignandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar. Tíu stærstu hluthafar í B-deild stofnsjóðs eru Landsbankinn hf. með 20,61% hlut, Sameinaði lífeyrissjóðurinn með 15,39% hlut, Stafir lífeyrissjóður með 15%, Sláturfélag Suðurlands svf. með 9,96%, Festa lífeyrissjóður með 5,98%, Vátryggingafélag Íslands með 2,85%, Steingrímur Aðalsteinsson með 2,16%, Magnús Benediktsson með 2%, Helgi Eggertsson með 1,19% og Auðhumla svf. með 1,04% hlut í B-deild stofnsjóðs. Eign Sláturfélags Suðurlands er færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárreikninga.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði 12,1% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af er verðbótarpáttur 2,1%, eða alls 21,8 millj.kr. og að reiknaðir verði 5% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 17 millj.kr. Stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eign fé félagsins.

Í júní 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og tóku þær breytingar gildi frá og með 1. janúar 2016. Á meðal þessara breytinga voru auknar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar sem og viðbótarkröfur fyrir félög sem teljast til eininga tengdum almannahagsmunum eða yfir stærðarmörkum stórra félaga. Þau félög skulu birta yfirlit með skýrslu stjórnar þar sem fram koma upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Í yfirlitinu ber einnig að greina frá stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum ásamt því að innihalda stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins og viðeigandi ófjárhagslegum lykilmælikvörðum. Lögin gera þá kröfu að hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Félagið telst vera eining tengd almannahagsmunum og fellur það undir þessar kröfur. Kröfurnar koma til vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins. Fyrir aðildarríki Evrópusambandsins gildir fyrrgreint ákvæði frá og með árinu 2017 og hafa leiðbeiningar Evrópusambandsins vegna innleiðingar þess ekki verið birtar. Vegna þess skamma tíma sem leið frá lagabreytingunum til loka reikningsárs hefur félaginu ekki tekist að ljúka innleiðingu á þessu ákvæði. Innleiðingin mun eiga sér stað að fullu á árinu 2017 og fyrrgreindar upplýsingar munu verða birtar frá og með næsta ársreikningi.

Að áliti stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok 2016, rekstrarárangri ársins 2016 og fjárhagslegri þróun á árinu, auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissupáttum sem samstæðan kann að mæta.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. hafa í dag rætt ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. febrúar 2017

Stjórn

Hallfreður Vilhjálmsson, formaður

Kristinn Jónsson Ingibjörg Danielsdóttir Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir Sverrir Gíslason

Forstjóri

Steinþór Skúlason

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Til stjórnar og eigenda í Sláturfélagi Suðurlands svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2016, efnahag hennar 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Sláturfélagi Suðurlands svf. og dótturfélögum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2016. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Vörubirgðir	
Vísað er í skýringu nr. 3.13 á bls. 26 um reiknings-skilaaðferðir birgða, skýringu nr. 4 á bls. 27 fyrir reikningshaldslegt mat og skýringu nr. 12 um vörubirgðir á bls. 31. Vörubirgðir eru 1.658 millj. kr. í árslok 2016 eða 19,7% af heildareignum samstæðunnar. Afurðabirgðir félagsins eru metnar til eignar miðað við áætlað meðalframleiðsluverð, sem samanstandur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði eða hreinu söluverði, hvoru sem lægra reynist. Þar sem um er að ræða matskenndan lið teljum við birgðir vera megináherslu við endurskoðun okkar.	Við lögðum mat á aðferðafræðina og þær forsendur sem stjórnendur leggja til grundvallar á virðismati vörubirgða og hvort aðferðin breyttist milli ára. Upplýsingarnar voru raktar til undirliggjandi gagna og útreikningar voru yfirfarnir. Með úrtaksprófunum staðfestum við magn og tilvist birgða sem og söluverð sem liggja til grundvallar verðmati birgða. Við tókum úrtak úr sölureikningum afurða við reikningsskiladag og athuguðum hvort söluverð væri lægra en kostnaðarverð birgða.
Tekjuskráning	
Vísað er í skýringu nr. 3.5 á bls. 23 um reiknings-skilaaðferðir um tekjur og skýringu nr. 5 á bls. 27 um greiningu rekstrartekna. Rekstrartekjur er mikilvægur liður við að leggja mat á frammistöðu samstæðunnar. Samstæðan hefur mjög marga og ólíka tekjupósta og því teljum við tekjuskráningu vera megináherslu í endurskoðun okkar.	Við endurskoðun á tekjum höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá samstæðunni við tekjuskráningu. Við prófuðum viðeigandi eftirlitsþætti í tekjuskráningarferli samstæðunnar. Við höfum prófað tekjuskráningu samstæðunnar með greiningaraðgerðum auk þess að hafa valið úrtak úr viðskiptakröfum í árslok og staðfest við greiðslu eftir reikningsskiladag. Við höfum valið úrtak af sölu- og kreditreikningum og skoðað hvort afhending og vöruskil séu færð með réttum hætti. Við höfum farið yfir hvort skýringar vegna tekjuskráningar séu í samræmi við IFRS.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sláturfélags Suðurlands svf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýninni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Kópavogur, 16. febrúar 2017

Deloitte ehf.

Halldór Arason
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sláturfélags Suðurlands svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og samþykktir félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 16. febrúar 2017

Ásbjörn Sigurgeirsson

Bjarni Jónsson

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur	5	11.859.347	10.701.319
Aðrar tekjur		14.081	21.294
Vöru- og umbúðarnotkun		(5.877.403)	(5.593.785)
Laun og launatengd gjöld	6	(2.930.685)	(2.554.631)
Annar rekstrarkostnaður		(1.870.273)	(1.848.187)
Afskriftir	10	(372.189)	(329.779)
Rekstrarhagnaður		822.878	396.231
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	11	0	886
Fjármunatekjur	7	37.783	34.147
Fjármagnsgjöld	7	(160.862)	(146.639)
		<u>(123.079)</u>	<u>(111.606)</u>
Hagnaður fyrir skatta		699.799	284.625
Tekjuskattur	8	(138.171)	(55.015)
Heildarhagnaður ársins		<u>561.628</u>	<u>229.610</u>
Hagnaður á hlut			
Hagnaður á hlut	9	1,09	0,46

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Fasta fjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	4.882.493	4.542.207
Eignarhlutar í félögum	11	7.675	7.571
Skuldabréfaeign		0	20.169
		<u>4.890.168</u>	<u>4.569.947</u>
Veltu fjármunir			
Vörubingðir	12	1.658.348	2.037.908
Viðskiptakröfur	13	1.242.659	1.188.845
Aðrar skammtímakröfur	14	47.036	69.055
Handbært fé	15	511.000	101.413
		<u>3.459.043</u>	<u>3.397.221</u>
Eignir		<u>8.349.211</u>	<u>7.967.168</u>
Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Eigið fé			
Stofnsjóður A-deild		340.550	327.134
Stofnsjóður B-deild		180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		135.138	131.783
Annað bundið eigið fé		1.237.388	683.134
Óráðstafað eigið fé		2.901.815	2.707.831
Eigið fé	16	<u>4.954.076</u>	<u>4.189.067</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldir	17	1.684.005	1.823.848
Eftirlaunaskuldbinding	18	22.900	21.300
Tekjuskattsskuldbinding	8	412.420	333.699
		<u>2.119.325</u>	<u>2.178.847</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		6.544	173.129
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	19	1.060.969	1.309.805
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	84.324	87.977
Ógreiddir reiknaðir skattar	8	123.973	28.343
		<u>1.275.810</u>	<u>1.599.254</u>
Skuldir		<u>3.395.135</u>	<u>3.778.101</u>
Eigið fé og skuldir		<u>8.349.211</u>	<u>7.967.168</u>

Eigið fé

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað bundið fé	Óráðst. eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2015	315.947	180.074	159.111	128.987	711.743	2.487.917	3.983.779
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	10.360						10.360
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(11.733)						(11.733)
Reiknaðir vextir af A-deild	15.700					(15.700)	0
Fjárm.tekjusk. v. vaxta A-deild	(3.140)						(3.140)
Greiddur arður af B-deild						(19.809)	(19.809)
Sérstakt endurmat millifært					(28.609)	28.609	0
Heildarafkoma ársins						229.610	229.610
Tillag í lögbundinn varasjóð				2.796		(2.796)	0
Eigið fé 31.12.2015	327.134	180.074	159.111	131.783	683.134	2.707.831	4.189.067
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	10.598						10.598
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(10.088)						(10.088)
Reiknaðir vextir af A-deild	16.133					(16.133)	0
Fjárm.tekjusk. v. vaxta af A-deild ..	(3.227)						(3.227)
Greiddur arður af B-deild						(21.610)	(21.610)
Sérstakt endurmat 2016					227.708		227.708
Sérstakt endurmat millifært					(28.608)	28.608	0
Heildarafkoma ársins						561.628	561.628
Millifært á annað bundið eigið fé....					355.154	(355.154)	0
Tillag í lögbundinn varasjóð				3.355		(3.355)	0
Eigið fé 31.12.2016	340.550	180.074	159.111	135.138	1.237.388	2.901.815	4.954.076

Skýringar um eiginfjárreikninga er að finna í skýringu nr. 16.

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		822.879	396.231
Afskriftir	10	372.189	329.779
Sölu(hagnaður) fastafjármuna		(8.859)	(2.324)
Efirlaunaskuldbinding, hækkun	18	1.600	700
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.187.809	724.386
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	12	379.561	(268.549)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun		(24.903)	3.311
Rekstrartengdar skuldir (lækkun) hækkun		(256.542)	208.174
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.285.925	667.322
Innborgaðir vextir og arður		37.817	33.718
Greiddir vextir		(121.132)	(109.306)
Greiddir skattar	8	(20.748)	(89.041)
Handbært fé frá rekstri		1.181.862	502.693
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	10	(432.961)	(633.075)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		13.980	11.345
Keyptur eignarhlutur í dótturfélagi	11	0	(61.800)
Skuldabréfaeign, afborgun		20.419	1.101
		(398.562)	(682.429)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(193.455)	(92.525)
Nýjar langtímaskuldir		10.655	0
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild	16	(2.718)	(4.514)
Greiddur arður af B-deild stofnsjóðs	16	(21.610)	(19.808)
Skammtímaskuldir við lánastofnanir, breyting		(166.585)	146.417
		(373.713)	29.570
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		409.587	(150.166)
Handbært fé í upphafi árs		101.413	251.579
Handbært fé í lok árs		511.000	101.413

I. Starfsemi

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning félagsins, dótturfélaga þess og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fódurs.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofur, markaðs- og söludeildir félagsins. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt dreifingu á framleiðsluvörum félagsins. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

Dótturfélög Sláturfélags Suðurlands svf. eru tvö. Reykjagarður hf. sem er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu í Rangárvallasýslu. Holtt og gott ehf., en Sláturfélag Suðurlands svf. keypti í lok ágúst 2015 50% hlut og á frá þeim tíma 100% hlut í félaginu. Starfsemi Holtt og gott ehf. er framleiðsla og sala á salati og grænmetisvörum.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Samstæðan hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2016, breytingar á þeim og nýjar túlkningar. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á samstæðuársreikninginn. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Stjórnendur hafa ekki lagt mat á hvort innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana sem ekki hafa tekið gildi muni hafa veruleg áhrif á samstæðuársreikninginn.

3. Reikningsskilaaðferðir

3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

3.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fastafjármunir og fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

3.3 Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga. Dótturfélög eru þau félög sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélaga.

Meginmarkmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna. Þegar við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Þegar eignarhald móðurfélags á dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

3.4 Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra og eru hvorki dótturfélög né félög í samrekstri. Veruleg áhrif eru til staðar þegar samstæðan tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga.

Samkvæmt hlutdeildaraðferðinni eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir í samstæðureikningi á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnun einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild samstæðunnar er aðeins gjaldfært hafi samstæðan gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Viðskiptavild er sá hluti kaupverðsins sem er umfram eignarhluta samstæðunnar í gangvirði eigna, skulda og óvissra skulda hlutdeildarfélaga á kaupdegi. Viðskiptavildin er hluti af bókfærðu verði fjárfestingarinnar í samstæðunni og er metin með tilliti til virðisrýrnunar. Ef kaupverð reynist lægra en gangvirði eigna, skulda og óvissra skulda myndast neikvæð viðskiptavild sem er tekjufærð á kaupári.

Hagnaður eða tap af viðskiptum samstæðunnar við hlutdeildarfélag er fært til samræmis við hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélaginu.

3.5 Tekjur

Tekjur eru færðar á gangvirði móttækinnar eða innheimtanlegrar greiðslu að frádregnum afsláttum og vöruskilum.

Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt: Áhætta og ávinningurinn af eignarrétti vörunnar flyst til kaupanda og eignarréttur færist til kaupanda. Þegar unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, þegar líklegt þykir að félagið muni hafa efnahagslegan ávinning af viðskiptunum og þegar kostnaður sem tengist viðskiptunum liggur fyrir eða hægt er að meta hann með áreiðanlegum hætti.

Þóknarir eru færðar á rekstrargrunni í samræmi við gerða samninga þegar hægt er að meta efnahagslegan ávinning og fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Þóknarir af samningum um framleiðslu eða sölu eru tekjufærðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga. Þóknarir af þjónustusamningum sem ná yfir lengri tíma eru tekjufærðar línulega á samningstímanum.

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

3.6 Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum er framseldur leigutaka. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar.

Fjármögnunarleigusamningar eru færðir til eignar og skuldar miðað við samningsfjárhæð eða fjárhæð sem jafngildir núvirtum lágmarks leigugreiðslum, hvort sem lægra reynist.

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspegli betur ávinning af notkun eignarinnar. Óvissar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

3.7 Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Penningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Efnislegar eignir og skuldir metnar á gangvirði eru færðar miðað við skráð gengi reikningsskiladags. Efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi.

Gengismunur vegna penningalegra eigna og skulda er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

3.8 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand. Samstæða Sláturfélagsins hefur ekki tekið lán vegna eignfærðra nýfjárfestinga.

Fjárfestingartekjur af skammtímafjárfestingum sem tengjast fjármögnun á eignfærsluhæfni eign eru færðar til lækkunar á eignfærðum fjármagnskostnaði.

Allur annar fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

3.9 Tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi, sem er 20%.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

3.10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstandur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Fasteignir og lóðir eru endurmetnar á reikningsskiladegi ef til staðar eru vísbendingar um að endurmetið virði þeirra (bókfært verð) er verulega frábrugðið gangvirði þeirra. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Endurmatsbreytingin er færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatið endurspeglar gangvirði eignarinnar á reikningsskiladegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Reglulega skal leggja mat á hvort verulegur munur er á endurmetnu bókfærðu verði og gangvirði eignarinnar. Endurmatslækkun er færð á móti

endurmatshækkun. Ef lækun verður á gangvirði umfram áður færða endurmatshækkun er hún gjaldfærð í rekstrarreikning. Afskriftir endurmetinna fasteigna eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

Áhöld og tæki eru færð samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega. Land og lóðir eru ekki afskrifaðar.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning. Við sölu endurmetinna varanlegra rekstrarfjármuna er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

3.11 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi er bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef vísbending er um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færir rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkunin færð sem endurmatshækkun.

3.12 Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka; fjáreignir til gjalddaga, fjáreignir til sölu, og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar. Öll almenn viðskipti með fjáreignir eru skráð á viðskiptadegi. Með almennum viðskiptum er átt við kaup og sölu fjáreigna sem grundvallast af samningi eða markaðsvenjum um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma.

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan hefur fyrirætlanir og getu til að eiga þær fram til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Skuldabréf í eigu samstæðunnar eru viðskiptabréf vegna sölu á fastafjármunum og er það ætlun samstæðunnar að eiga bréfin fram til lokagjalddaga verðbréfanna.

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum og sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.

Samstæðan tilgreinir fjárfestingar í tilteknum eignarhlutum í öðrum félögum sem fjáreignir til sölu. Þær eru færðar á gangvirði þegar hægt er að meta það með áreiðanlegum hætti og gangvirðisbreytingar færðar beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Þó er virðisrýrnun vegna fjáreigna til sölu og gengismunur gjaldmiðla ef um er að ræða peningalega liði, færður í

rekstrarreikning. Gangvirðisbreytingar, sem færðar eru á eigið fé, eru færðar í rekstrarreikning þegar fjáreign til sölu er afskráð.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í verði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi viðkomandi eignar verði lægra.

3.13 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

3.14 Fjárskuldir

Samstæðan flokkar allar fjárskuldir sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangverði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum miðað við aðferð virkra vaxta. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra.

Viðskiptaskuldir og aðrar fjárskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar. Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

3.15 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

3.16 Áhættustjórnun

Almenn stefna samstæðunnar er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Samstæðan er ekki með framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga eða vaxtaskiptasamninga. Áhætta samstæðunnar gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg, en viðskiptakröfur eru metnar m.v. áætlaða virðisrýrnun.

3.17 Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn eða aðra aðila tengda rekstrinum.

3.18 Starfsþáttayfirlit

Rekstri samstæðunnar er ekki skipt niður á starfsþætti þar sem reksturinn er allur innan eins starfsþáttar. Starfsemi samstæðunnar felst að mestu í slátrun, vinnslu og sölu á landbúnaðarvörum. Auk þess er samstæðan með sölu á öðrum verslunarvörum og aðföngum til bænda. Hins vegar er hér á eftir birt sundurliðun yfir tekjur samstæðunnar eftir sölu innanlands og útflutnings, en þar má sjá að stærstur hluti tekna samstæðunnar eru vegna sölu innanlands.

Skýringar

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Á þetta sérstaklega við mat á varanlegum rekstrarfjármunum, birgðum og viðskiptakröfum, samanber skýringar nr. 10, 12 og 13. Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig eftir landssvæðum:

	2016	2015
Sala innanlands	11.354.190	10.313.282
Sala erlendis	505.157	388.037
	<u>11.859.347</u>	<u>10.701.319</u>

Helstu viðskiptavinir innanlands eru matvöruverslanir og kjötvinnslur auk bænda, skóla og mótuneyta. Sala erlendis er mest til landa eins og Noregs, Bretlands, Sviss, Póllands og Spánar. Samstæðan seldi á árinu 2016 29,9% af rekstrartekjum sínum til einnar rekstrarsamstæðu. Á árinu 2015 var hlutdeild sömu rekstrarsamstæðu 30,5%.

6. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2016	2015
Laun	2.320.465	2.009.963
Lífeyrissjóður	221.789	187.401
Önnur launatengd gjöld	232.014	237.307
Annar starfsmannakostnaður	156.417	119.960
	<u>2.930.685</u>	<u>2.554.631</u>

Starfsmannafjöldi:

Meðalfjöldi starfa	456	424
--------------------------	-----	-----

Laun til stjórnenda:

Laun og hlunnindi til stjórnar og lykilstjórnenda félaga innan samstæðunnar námu um 116,1 millj.kr. á árinu 2016 (2015, 109,3 millj.kr.), greiðslur í lífeyrissjóði um 21,9 millj.kr. (2015, 19,5 millj.kr.) og eignarhlutur þeirra í B- deild stofnsjóðs er samtals um 1,7 millj.kr. (2015, 1,7 millj.kr.)

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2016	2015
Vaxtatekjur og verðbætur af innstæðum, lánum og kröfum	34.898	28.331
Vaxtatekjur og verðbætur af fjárfestingum til gjalddaga	1.126	1.271
Arðstekjur	1.653	4.545
Gengishagnaður	106	0
	<u>37.783</u>	<u>34.147</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(22.484)	(17.701)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(132.573)	(130.022)
Gengismunur	(5.805)	1.084
	<u>(160.862)</u>	<u>(146.639)</u>

8. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 138,2 millj.kr. (2015, 55 millj.kr.). Tekjuskattshlutfall er 20%.

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	2016	2015
Staða í ársbyrjun	333.699	293.272
Tekjuskattsskuldbinding l.r. f.f.ári	7.596	0
Reiknaður tekjuskattur v. sérstaks endurmats 2016, sbr. skýringu nr. 10	56.927	0
Yfirfært við kaup á félagi	0	13.755
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2016/2015	138.171	55.015
Tekjuskattur til greiðslu 2017/2016	(123.973)	(28.343)
	<u>412.420</u>	<u>333.699</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Varanlegir rekstrarfjármunir	405.918	323.627
Viðskiptakröfur og birgðir	11.773	15.055
Aðrir liðir	(5.271)	(4.983)
	<u>412.420</u>	<u>333.699</u>

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2016	2015
Hagnaður fyrir skatta	699.800	284.625
Skattshlutfall	139.960	56.925
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	0	(3.317)
Aðrir liðir	(1.789)	1.407
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>138.171</u>	<u>55.015</u>
Virkt tekjuskattshlutfall	19,7%	19,3%

Skýringar

9. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut:	2016	2015
Hagnaður ársins á hlut	1,09	0,46

Þynntur hagnaður á hlut er sama hlutfall og hagnaður á hlut þar sem ekki er um neina hlutabréfavalrétti að ræða.

Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

Heildarafkoma ársins	561.629	229.610
Vegið meðaltal A og B-deildar stofnsjóða	513.916	501.615

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Yfirlit yfir varanlega rekstrarfjármuni:

	Fasteignir og lóðir	Vélar og áhöld	Bifreiðar og flutningstæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1. janúar 2015	5.171.110	2.692.164	299.656	8.162.930
Yfirfært við kaup á félagi	128.914	231.282	32.795	392.991
Eignfært á árinu	257.505	299.969	75.601	633.075
Selt og aflagt á árinu	0	(712.927)	(28.803)	(741.730)
1. janúar 2016	5.557.529	2.510.488	379.249	8.447.266
Eignfært á árinu	203.596	180.705	48.660	432.961
Yfirfært við kaup á félagi	284.635	0	0	284.635
Selt og aflagt á árinu	0	(82.768)	(26.198)	(108.966)
31. desember 2016	6.045.760	2.608.425	401.711	9.055.896
Afskriftir				
Staða 1. janúar 2015	2.232.399	1.753.602	178.423	4.164.424
Yfirfært við kaup á félagi	43.333	82.783	17.529	143.645
Afskrift ársins	133.732	156.001	40.046	329.779
Selt og aflagt á árinu	0	(709.658)	(23.131)	(732.789)
1. janúar 2016	2.409.464	1.282.728	212.867	3.905.059
Selt og aflagt á árinu	0	(82.725)	(21.120)	(103.845)
Afskrift ársins	142.663	182.545	46.981	372.189
31. desember 2016	2.552.127	1.382.548	238.728	4.173.403
	Fasteignir og lóðir	Vélar og áhöld	Bifreiðar og flutningstæki	Samtals
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun 2016	3.148.065	1.227.760	166.382	4.542.207
Bókfært verð í árslok 2016	3.493.633	1.225.877	162.983	4.882.493
Nýtingartími eigna	25-50 ár	5-17 ár	5-8 ár	

Meðal fasteigna eru lóðir að bókfærðu verði um 62 millj.kr. sem eru ekki afskrifaðar (2015 var fjárhæðin 38 millj.kr.)

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 1.781 millj.kr. í árslok 2016 (2015, 1.908 millj.kr.). Bókfært verð þeirra eigna sem eru með veð og skuldbindingar eru um 4.720 millj.kr. (2015, 4.097 millj.kr.)

Á árinu 2008 voru fasteignir endurmetnar með hliðsjón af verðmæti sem gert var af Ferli ehf., verkfræðistofu. Matið var byggt á útreikningum á endurkaupsverði að frádregnum afskriftum, en um sérhæfar eignir er að ræða. Á árinu 2016 voru eignirnar endurmetnar að nýju af Ferli ehf. og við það hækkaði virði eignanna um 284,6 millj.kr. Mótbókun er á annað bundið eigið fé 227,7 millj.kr. og 56,9 millj.kr. á tekjuskattskuldbindingu.

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í árslok:

	31.12.2016	31.12.2015
Endurmetið bókfært verð	3.493.633	3.148.065
Þar af áhrif sérstaks endurmats	(1.112.191)	(853.917)
Bókfært verð án áhrifa endurmats	2.381.442	2.294.148

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti eigna samstæðunnar í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat 2016	Vátrygginga- mat 2016	Fasteignamat 2015	Vátrygginga- mat 2015
Fasteignir og lóðir	3.059.476	8.559.193	2.940.908	8.317.450
Vélar og tæki, eignatryggingar		4.583.100		4.068.461
Aðrar lausafjártryggingar		254.035		226.514
Rekstrarstöðvunartrygging		2.878.752		2.904.627

11. Eignarhlutar í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

Nafn dótturfélags	Staðsetning	Eignarhluti	Atkvæðisréttur	Meginstarfsemi
Reykjagarður hf.	Reykjavík/Hella	100%	100%	Framleiðsla og sala á kjúklingum
Hollt og gott ehf. (frá 1.9.2015)	Reykjavík	100%	100%	Framleiðsla og sala á salati

Sláturfélag Suðurlands svf. keypti 50% hlut í hlutdeildarfélaginu Hollt og gott ehf. 31.8.2015 og er félagið hluti af samstæðu félagsins frá þeim tíma. Hlutdeild í afkomu tímabilsins janúar - ágúst 2015 er færð í rekstrarreikning, samtals 0,9 millj.kr. Kaupverð eignarhlutans í Hollt og gott ehf. nam 90 millj.kr. og er yfirverð vegna kaupanna 28,2 millj.kr. fært meðal varanlegra rekstrarfjármuna. Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til áætlaðs mats á virði þeirra, en ekki er hægt að meta gangvirði félaganna með áreiðanlegum hætti.

12. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur	1.196.477	1.277.741
Áburður, fóður og plast	128.432	411.720
Rekstrarvörur	88.520	103.272
Ýmsar vörur.....	244.919	245.175
	1.658.348	2.037.908

Skýringar

Tryggingaverðmæti birgða	1.671.679	2.037.908
--------------------------------	-----------	-----------

Arion banki hf. er með veð í birgðum samstæðunnar að fjárhæð 717 millj.kr. (2015, 737 millj.kr.)

13. Viðskiptakröfur

Greining á viðskiptakröfum:

	31.12.2016	31.12.2015
Innlendar viðskiptakröfur	1.291.983	1.228.903
Erlendar viðskiptakröfur	41.082	50.348
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(90.406)	(90.406)
	1.242.659	1.188.845

Arion banki hf. er með veð í viðskiptakröfum samstæðunnar að fjárhæð 621 millj.kr. (2015, 585 millj.kr.)

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Staða í ársbyrjun	(90.406)	(86.156)
Yfirfært við kaup á félagi	0	(5.250)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	0	1.000
Staða í árslok	(90.406)	(90.406)

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast og áætlaðra vöruskila. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Veittur gjaldfrestur samstæðunnar er að meðaltali 34 dagar, en 2015 voru þeir 35 dagar að meðaltali.

14. Aðrar skammtímakröfur

Greining á öðrum skammtímakröfum:

	31.12.2016	31.12.2015
Virðisaukaskattur	9.791	30.412
Fyrirframgreiddur kostnaður	27.953	18.837
Aðrar kröfur	9.292	19.806
	47.036	69.055

15. Handbært fé

Við gerð yfirlits um sjóðstreymi, felur handbært fé í sér reiðufé og handbært fé á bankareikningum. Handbært fé sem fram kemur í yfirliti um sjóðstreymi samanstendur af eftirfarandi fjárhæðum:

	31.12.2016	31.12.2015
Bankainnstæður í íslenskum krónum	442.545	74.646
Bankainnstæður í erlendri mynt	68.455	26.767
	511.000	101.413

16. Eigið fé

Stofnsjóður

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta, A-deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B-deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Allt hlutafé í B-deild stofnsjóðs hefur verið greitt inn til félagsins. Í A-deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundraðshluti af andvirði afurðainnleggs hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar. Stofnsjóður A-deildar kemur til útgreiðslu ef aðilar hætta búskap eða ná 70 ára aldri.

Stofnsjóður A-deildar greinist þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Stofnsjóður í ársbyrjun	327.134	315.947
Stofnsjóðsinnngreiðslur á árinu	10.598	10.360
Stofnsjóðsútgreiðslur á árinu	(10.088)	(11.733)
Reiknaðir vextir af A-deild stofnsjóðs - fjármagnstekjuskattur	12.906	12.560
	<u>340.550</u>	<u>327.134</u>

Stofnsjóður B-deildar greinist þannig:

	Hlutfall	31.12.2016	31.12.2015
Heildarhlutafé í árslok	100,0%	200.000	200.000
Eigin hlutir í árslok	(9,96%)	(19.926)	(19.926)
	<u>90,04%</u>	<u>180.074</u>	<u>180.074</u>

Á árinu 2016 var samkvæmt ákvörðun aðalfundar félagsins greiddur arður vegna B-deildar stofnsjóðs að fjárhæð 20,6 millj.kr. og reiknaðir vextir vegna A-deildar stofnsjóðs að fjárhæð 16,1 millj.kr. Á árinu 2015 nam greiddur arður 19,8 millj.kr. og reiknaðir vextir 15,7 millj.kr. Um nánari greiningu á eiginfjárreikningum er vísað til yfirlits yfir eigið fé á bls. 20.

Yfirverðsreikningur hlutafjár og lögbundinn varasjóður

Yfirverð innborgaðs hlutafjár er fjárhæð sem eigendur B-deildar stofnsjóðs hafa greitt umfram nafnverð B-deildar stofnsjóðs sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um samvinnuhlutafélöl skal félagið binda 25% nafnverð stofnsjóða í varasjóð, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Annað bundið eigið fé

Bundið eigið fé tengist endurmati á fasteignum félagsins og sýnir óafskrifaðan hluta endurmatsins að frádregnum tekjuskatti. Bundið eigið fé inniheldur einnig hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dótturfélaga sem er umfram úthlutaðan arð frá dótturfélögum á hverju ári.

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Sérstakt endurmat	Hagnaður dótturfélags	Samtals
Staðan 1.1.2015	711.742	0	711.742
Sérstakt endurmat millifært	(28.609)	0	(28.609)
	<u>683.133</u>	<u>0</u>	<u>683.133</u>
Sérstakt endurmat fasteigna 2016	227.709	0	227.709
Sérstakt endurmat millifært	(28.608)	0	(28.608)
Hagnaður dótturfélaga 2016	0	377.754	377.754
Úthlutaður arður 2016	0	(22.600)	(22.600)
	<u>882.234</u>	<u>355.154</u>	<u>1.237.388</u>

Skýringar

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður óráðstafaður hagnaður, að fráðregnum arðgreiðslum, reiknuðum vöxtum og öðrum eiginfjárfærslum.

17. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir við lánastofnanir	441.768	476.657
Skuldir við lífeyrissjóði	1.312.747	1.427.397
Skuldir við aðra	13.814	7.771
	<u>1.768.329</u>	<u>1.911.825</u>

Vaxtakjör lána	0,0% - 7,5%	0,0% - 5,4%
----------------------	-------------	-------------

Langtímaskuldir greinast þannig eftir skilmálum:

Verðtryggð lán í ISK.....	1.760.182	1.911.825
Óverðtryggð lán í ISK.....	8.147	0
	<u>1.768.329</u>	<u>1.911.825</u>
Næsta árs afborganir.....	(84.324)	(87.977)
	<u>1.684.005</u>	<u>1.823.848</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu árum:

	31.12.2016	31.12.2015
Afborganir 2017/2016	84.324	87.977
Afborganir 2018/2017	86.939	82.046
Afborganir 2019/2018	85.053	84.496
Afborganir 2020/2019.....	85.030	85.957
Afborganir 2021/2020.....	86.944	86.780
Afborganir síðar	1.340.039	1.484.569
	<u>1.768.329</u>	<u>1.911.825</u>

Langtímaskuldir og áfallnir vextir að fjárhæð 1.781 millj.kr. í árslok 2016 eru með þinglýst veð í eignum samstæðunnar (2015, 1.908 millj.kr.).

18. Eftirlaunaskuldbinding

Á Sláturfélaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við fyrrverandi starfsmenn félagsins. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 22,9 millj.kr. (2015, 21,3 millj.kr.) og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2023. Á árinu hækkaði skuldbindingin um 1,6 millj.kr. vegna endurreiknings á skuldbindingunni, en á árinu 2015 var um að ræða hækkun að fjárhæð 0,7 millj.kr.

19. Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir:

	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptaskuldir	650.890	922.169
Ógreitt vegna launa og tengdra gjalda	225.852	292.994
Ýmsar skuldir	184.227	94.642
	<u>1.060.969</u>	<u>1.309.805</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda:

	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir við lánastofnanir	36.819	44.051
Skuldir við lífeyrissjóði	41.642	41.706
Aðrar langtímaskuldir	5.863	2.220
	<u>84.324</u>	<u>87.977</u>

20. Fjármálagerningar

20.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir

	31.12.2016	31.12.2015
Bankareikningar (lán og kröfur)	511.000	101.318
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur (lán og kröfur)	1.251.951	1.208.261
Eignarhlutir í félögum (fjáreignir til sölu)	7.675	7.571
Skuldabréfaeign (fjáreignir til gjalddaga)	0	20.169
	<u>1.770.626</u>	<u>1.337.319</u>

Fjárskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir (afskrifað kostnaðarverð)	1.060.969	1.309.805
Skuldir við lánastofnanir (afskrifað kostnaðarverð)	1.774.873	2.084.954
	<u>2.835.842</u>	<u>3.394.759</u>

Það er mat stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð fjárskulda og fjáreigna samstæðunnar sé um það bil jafnt gangvirði þeirra. Samstæðan hefur ekki lagt mat á virði óskráðra félaga í sinni eigu.

20.2 Áhættustýring

Innan samstæðunnar er áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gjaldmiðlaáhætta, verðáhætta markaðsverðbréfa, útlánaáhætta og lausafjáráhætta.

20.3 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda samstæðunnar. Vaxtaberandi eignir og skuldir samstæðunnar skiptast á milli fastra vaxta og breytilegra. Vaxtaberandi eignir og skuldir sem bera fasta vexti eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði eigna og skulda hafa því ekki áhrif á bókfært verð. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Skýringar

Næmnigreining

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5,0% hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2016		31.12.2015	
	2,5%	5,0%	2,5%	5,0%
Áhrif á afkomu og eigið fé	(2.538)	(5.075)	(3.971)	(7.943)

20.4 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhætta af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til sölugengis.

	Sölugengi í árslok		Breyting m.v. sölugengi
Gjaldmiðlar	2016	2015	2016/2015
EUR	119,5	141,7	(15,7%)
GBP	139,3	192,5	(27,7%)
DKK	16,1	19,0	(15,4%)
NOK	13,1	14,8	(11,1%)
USD	113,1	129,9	(12,9%)

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2016	Eignir	Skuldir	Hrein staða
Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli	103.505	57.797	45.708

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2015	Eignir	Skuldir	Hrein staða
Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli	77.115	227.139	(150.024)

Næmnigreining

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðlum á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá skiptingu erlendra eigna og skulda eftir myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gjaldmiðlaáhattu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2016		31.12.2015	
	2,5%	5,0%	2,5%	5,0%
Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli	914	1.828	(3.001)	(6.001)

20.6 Útlánaáætta

Í útlánaáættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáættu. Hámarksútlánaáætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að neðan.

Hámarksútlánaáætta greinist þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Skuldabréfaeign	0	20.169
Viðskiptakröfur	1.242.659	1.188.845
Aðrar skammtímakröfur án fyrirframgreidds kostnaðar	9.292	12.806
Bankainnstæður	511.000	101.319
	<u>1.762.951</u>	<u>1.323.139</u>

20.7 Lausafjáraætta

Lausafjáraætta er áhættan á því að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Fjárhæðir eru ekki núvirtar.

	Innan eins árs	2018	2019+	Samtals
Skuldir 31.12.2016				
Óvaxtaberandi	1.060.969	0	0	1.060.969
Með fljótandi vöxtum	41.588	35.325	335.316	412.229
Með föstum vöxtum	49.281	51.613	1.261.749	1.362.643
	<u>1.151.838</u>	<u>86.938</u>	<u>1.597.065</u>	<u>2.835.841</u>
Eignir 31.12.2016				
Óvaxtaberandi	1.289.695	0	0	1.289.695
Með fljótandi vöxtum	511.000	0	0	511.000
Með föstum vöxtum	0	0	0	0
	<u>1.800.695</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.800.695</u>
Hrein staða 31.12.2016	<u>648.857</u>	<u>(86.938)</u>	<u>(1.597.065)</u>	<u>(1.035.146)</u>
	Innan eins árs	2017	2018+	Samtals
Skuldir 31.12.2015				
Óvaxtaberandi	1.291.677	0	0	1.291.677
Með fljótandi vöxtum	230.314	30.796	358.489	619.599
Með föstum vöxtum	48.919	51.251	1.383.313	1.483.483
	<u>1.570.910</u>	<u>82.047</u>	<u>1.741.802</u>	<u>3.394.759</u>
Eignir 31.12.2015				
Óvaxtaberandi	1.238.674	0	0	1.238.674
Með fljótandi vöxtum	101.318	0	0	101.318
Með föstum vöxtum	390	370	19.799	20.559
	<u>1.340.382</u>	<u>370</u>	<u>19.799</u>	<u>1.360.551</u>
Hrein staða 31.12.2015	<u>(230.528)</u>	<u>(81.677)</u>	<u>(1.722.003)</u>	<u>(2.034.208)</u>

Skýringar

21. Kostnaður vegna endurskoðunarþjónustu

Kostnaður sundurgreinist þannig:	2016	2015
Vinna vegna endurskoðunar.....	13.890	13.121
Önnur vinna.....	5.855	5.374
.	19.745	18.495

Kostnaður er vegna Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga.

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti á milli tengdra aðila eru í samræmi við hefðbundin viðskiptakjör hjá samstæðunni. Félagið Holt og gott ehf. er hluti af samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. frá og með 1. september 2015.

Viðskipti við tengd félög árið 2015:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Holt og gott ehf. (janúar - ágúst)	10.955	42.843	0	0

23. Önnur mál

Arion banki er með veð í öllum eignum Reykjarðs hf. vegna skulda þess félags við bankann.

24. Samþykki ársreiknings

Samstæðuársreikningurinn var samþykktur af forstjóra og stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 16. febrúar 2017.

Sláturfélag Suðurlands svf. (SS) er samvinnufélag. Um félagið gilda lög um samvinnufélög.¹ Leiðbeiningar Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja taka ekki að öllu leyti tillit til starfshátta samvinnufélaga sem eru í sumum veigamiklum atriðum ólík hlutafélögum. Af þessum sökum fylgir SS ekki að öllu leyti leiðbeiningum Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja.

FÉLAGSFUNDIR

Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti sem lög og samþykktir SS ákveða. Til félagsfunda, þ.m.t. aðalfunda þarf að boða með minnst 14 daga fyrirvara og skal dagskrá fundarins getið í fundarboði.

Stjórn skal auglýsa með opinberum hætti eftir framboðum til stjórnar og varastjórnar með lok framboðsfrests þremur vikum fyrir félagsfund þar sem stjórnarkjör fer fram. Stjórn skal tilkynna aðalfundarfulltrúum með auglýsingu eða dreifibréfi (rafpósti) um hverjir eru frambjóðendur til stjórnar og varastjórnar ekki síðar en tveimur vikum fyrir félagsfund þar sem stjórnarkjörið fer fram. Á félagsfundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, er ávallt heimilt að tilnefna fólk til stjórnarstarfa sem ekki er á auglýstum framboðslista allt þar til sjálf kosningin fer fram.

Í fundarboði kemur ekki fram tillaga um fundarstjóra enda ekki til staðar sérstök tilnefningarnefnd. Fundargerðir félagsfunda eru sendar fulltrúum sem sitja félagsfundi. Fulltrúar hafa einir atkvæðisrétt á félagsfundi.² Hlutaskrá B-deildar stofnsjóðs er aðgengileg. Á vefsíðu félagsins eru birtar upplýsingar um 20 stærstu eigendur B-deildar.

STJÓRN

Stjórn SS ræður öllum málum félagsins milli félagsfunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Stjórnin gætir þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu horfi og að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunum. Stjórn SS er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðalstjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%.³ Vegna eðlis SS sem samvinnufélags eru stjórnarmenn jafnframt innleggjendur afurða og þar með félagsmenn.

Formaður félagsstjórnar stýrir stjórnarfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn, telst meirihluti þeim megin sem atkvæði formanns er. Stjórn dótturfélagsins Reykjagarðs hf. er skipuð tveimur af stjórnarmönnum SS en alls skipa þrír stjórn félagsins. Stjórn dótturfélagsins Holtt og gott ehf. er skipuð tveimur af stjórnarmönnum SS en alls skipa fjórir stjórn félagsins.

Stjórn SS og dótturfélög þess, Reykjagarður hf. og Holtt og gott ehf. hafa sett sér starfsreglur sem byggja á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Í starfsreglunum er fjallað nánar um hlutverk og störf stjórna félaganna.

Upplýsingar um áhættustýringu er að finna í skýringu 3.16 í ársreikningi þar sem m.a. kemur fram að almenn stefna félagsins sé að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Í skýringu 20 er greining á áhættu tengdri fjármálagerningum.

FORSTJÓRI

Forstjóri er ráðinn af stjórn SS og annast hann daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu og fyrirmæli félagsstjórnarinnar og félagsfundar.⁴ Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur forstjóri aðeins gert með samþykki stjórnarinnar. Það er jafnframt hlutverk forstjóra að starfsemi félagsins sé í samræmi við samþykktir félagsins og gildandi löggjöf þannig að hagsmunir félagsins séu hafðir að leiðarljósi.

¹ Lög um samvinnufélög nr. 22/1991.

² 23. gr. samþykktu Sláturfélags Suðurlands svf.

³ 27. gr. samþykktu Sláturfélags Suðurlands svf., sjá nánar skilyrði.

⁴ 29. gr. samþykktu Sláturfélags Suðurlands svf.

ENDURSKOÐENDUR, KJÖRNIR SKOÐUNARMENN OG ENDURSKOÐUNARNEFND

Á aðalfundi SS er kjörinn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag og á aðalfundi 2016 var Deloitte hf. kjörinn endurskoðandi félagsins. Deloitte hf. er jafnframt endurskoðandi dótturfélaganna, Reykjagarður hf. og Holtt og gott ehf.

Á aðalfundi SS eru einnig kjörnir skoðunarmenn til tveggja ára í senn og ganga þeir út sitt hvort árið. Á sama hátt eru kjörnir tveir skoðunarmenn til vara. Skoðunarmenn skulu vera úr hópi félagsaðila utan stjórnar. Skoðunarmenn skulu yfirfara rekstur félagsins og ársreikning, fylgjast með að innra eftirlit í rekstri félagsins sé í góðu lagi og fylgjast með framkvæmd samþykkt félagsfunda og stjórnar. Þeir gefa aðalfundi skýrslu um störf sín.

Stjórn SS skipaði endurskoðunarnefnd á árinu 2009 og setti henni starfsreglur en endurskoðunarnefndin er undirnefnd stjórnar. Endurskoðunarnefndina skipa skoðunarmenn félagsins og einn stjórnarmaður. Með þessu hefur starfssvið kjörinna skoðunarmanna verið fært inn í endurskoðunarnefndina, sem starfar sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins, stjórnenda og ytri endurskoðenda. Meginverkefni nefndarinnar er að aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli félagsins og innra eftirliti hans ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda félagsins.

AÐRAR NEFNDIR

Á aðalfundi SS er kosin nefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að launum stjórnar, skoðunarmanna og greiðslur til fulltrúa á félagsfundum. Sérstök starfskjaranefnd með víðtækara hlutverk hefur ekki talin vera ástæða til að skipa þar sem stjórn félagsins ræður forstjóra félagsins og ákveður kjör hans. Forstjóri ræður aðra starfsmenn. Þó skal forstjóri hafa samráð við stjórn félagsins um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstöður.

Ekki hefur verið skipað sérstök tilnefningarnefnd til að koma með tilnefningu stjórnarmanna þar sem samþykktir félagsins kveða á um að þeir skulu kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn.⁵

⁵ Í mgr. 27. gr. samþykkt Sláturfélags Suðurlands svf.

„SS er leiðandi matvælafyrirtæki sem framleiðir og selur matvörur og vörur tengdar matvörum á heildsölustigi. Leiðandi staða skal varin með því að bjóða viðskiptavinum vörur sem skara fram úr á markaði og eru einn af þremur leiðandi valkostum í hverjum flokki. Hagnaður af rekstri og góð ímynd er grundvöllur forystu svo félagið sé hverju sinni „Fremst fyrir bragðið“ í huga viðskiptavina.“

STARFSHÆTTIR

Í samræmi við tilgang og stefnu félagsins hafa verið skilgreindir lykil starfshættir eða gildi sem félagið leggur til grundvallar í starfsemi og samkeppni á markaði. Tilgangur skilgreindra starfshátta er að varða þá leið sem félagið fer til árangurs og velgengni.

Starfsháttunum er skipt í eftirfarandi fimm þætti:

FRUMKVÆÐI

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði til að gera nýja hluti og vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur, jafnt stjórnendur sem og annað starfsfólk. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun og sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

SAMVINNA

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda og samvinna starfsfólks skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Starfsfólk stefnir fram á við og vilja vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

GÆÐI

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka, standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

ÞJÓNUSTA

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti, að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki, styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

RÁÐDEILD

Við sýnum ráðdeild í rekstri og bruðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnuumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð. Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.

Félagsdeildir og formenn 31.12.2016

ÖRÆFADEILD	Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi
HÖRGLANDSDEILD	Jón Jónsson, Prestsbakka
KIRKJUBÆJARDEILD	Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2
SKAFTÁRTUNGUDEILD	Bergur Sigfússon, Austurhlíð
ÁLFTAVERS- OG MEÐALLANDSDEILD	Guðbrandur Magnússon, Syðri-Fljótum
HVAMMSDEILD	Jónas Erlendsson, Fagradal
DYRHÓLADEILD	Einar Magnússon, Norður-Hvoli
A-EYJAFJALLADEILD	Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum
V-EYJAFJALLADEILD	Baldur Björnsson, Fitjamýri
A-LANDEYJADEILD	Axel Þór Sveinbjörnsson, Hólmum
V-LANDEYJADEILD	Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni
FLJÓTSHLÍÐAR- OG HVOLHREPPSDEILD	Kristinn Jónsson, Staðarbakka
RANGÁRVALLADEILD	Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga
HOLTA- OG LANDMANNADEILD	Stefán Sigurðsson, Þjóðólshaga
ÁSA- OG DJÚPÁRDEILD	Birkir Ármannsson, Brekku
GAULVERJABÆJARDEILD	Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli
ÁRBORGARDEILD	Björn Harðarson, Holti I
HRAUNGERÐISDEILD	Þormóður Ólafsson, Hjálmholti
VILLINGAHOLTSDEILD	Einar Hermundsson, Egilsstaðakoti
SKEIÐADEILD	Hermann Þór Karlsson, Efri-Brúnavöllum I
GNÚPVERJADEILD	Úlfhéðinn Sigurmundsson, Haga
HRUNAMANNADEILD	Jóhanna Bríet Ingólfsdóttir, Hrafnkelsstöðum I
BISKUPSTUNGNADDEILD	Kjartan Sveinsson, Bræðratungu
LAUGARDALSDEILD	Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum
GRÍMSNESDEILD	Björn Snorrason, Björk 2
ÞINGVALLA- OG GRAFNINGSDEILD	Halldór Kristjánsson, Stíflisdal
ÖLFUSDEILD	Halldór Guðmundsson, Nautafötum
KJÓSARDEILD	Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal
HVALFJARÐARDEILD	Kristín Helga Ármannsdóttir, Ytra-Hólmi I
BORGARFJARÐAR- OG MÝRARDEILD	Magnús Þór Eggertsson, Ásgarði
DALADEILD	Unnsteinn Hermannsson, Leiðólfsstöðum
SNÆFELLS- OG HNAPPADALSDEILD	Ásbjörn Pálsson, Syðri-Haukatungu II



Hannes Thorarensen, fyrsti forstjóri SS



FYRIR 110 ÁRUM VIÐ ÞJÓRSÁRBRÚ

Það voru 565 sunnlenskir bændur sem stofnuðu Sláturfélag Suðurlands 28. janúar 1907 við gömlu hengibrúna yfir Þjórsá. Stofnun félagsins var eitt þeirra framfaraskrefa sem markað hafa tímamót fyrir matvælaframleiðslu í landinu og um leið neytendur.

Nú 110 árum síðar er félagið enn í eigu bændna sem daglega leggja grunninn að úrvals matvælavinnslu félagsins í sveitunum um allt Suður- og Vesturland.

Íslenska sveitin og SS fyrir þig.



565 bændur stofnuðu
Sláturfélag Suðurlands





Sláturfélag Suðurlands svf
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík